

# Foreldrastefna Núps



Stefna leikskólans Núps er að tengja saman heimili og skóla með góðum samskiptum við foreldra þar sem barnið er haft í forgrunni. Mikilvægt er að taka vel á móti öllum nýjum börnum og foreldrum í leikskólanum til þess að leggja grunninn að góðu samstarfi heimilis og leikskóla enda er það forsenda farsællar leikskólagöngu og velferðar barnsins.

## Áherslur í samstarfi við foreldra eru:

- Að allir foreldrar finni sig velkomna í leikskólann
- Að upplýsingar til foreldra séu sem greiðastar
- Að foreldrar séu meðvitaðir um daglegt líf barnsins í leikskólanum
- Að allir nýir foreldrar fái móttökuvíðtal við deildastjóra og leikskólastjóra / aðstoðarleikskólastjóra áður en aðlögun hefst ásamt kynningarbækling um leikskólann, Fjölgreindir í leikskólastarfi, samræðulestur og foreldraráð- og félag
- Foreldraviðtöl við deildarstjóra eru tvisvar á árinu, í október og mars auk þess sem foreldrar geta fengið víðtal við deildarstjóra eða leikskólastjóra þegar þörf er á
- Árlega er foreldrum og/eða forráðamönnum boðið að taka þátt í viðburðum á vegum leikskólans